



Fundargerð

1409. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
9. mars 2023, kl. 08:15

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Samþykkt að samhljóða að tekið yrði á dagskrá undir 12. fundarlið uppfærðar reglur um rafræna vöktun sem fara inn á heimasíðu Reykjaneshæjar.

* * *

1. Rakaskemmdir í stofnunum (2022100267)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs mætti á fundinn og lagði fram þarfagreiningu vegna húsnæðis leikskólans Garðasels.

Bæjarráð vísar þarfagreiningu vegna Garðasels til byggingarnefndar til frekari skoðunar.

Tekið fyrir erindi um gerð rammamningsinnkaup vegna verkframkvæmda við Myllubakka- og Holtaskóla.

Bæjarráð samþykkir að gerður verði rammamningur um kaup á þjónustu iðnmeistara og kaup á byggingavörum.

Lagðar fram til kynningar fundargerðir byggingarnefndar.

2. Eignasjóður Reykjaneshæjar (2023030163)

Lagt fram minnisblað um stofnun stjórnar eignasjóðs Reykjaneshæjar.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til forsetanefndar.

3. Vinabæjarsamskipti - 100 ára afmæli Kerava (2023030085)

Lagt fram bréf frá Kerava, Finnlandi.

4. Digital twins - námsstefna 12.-13. apríl 2023 (2023030116)

Lagt fram til kynningar boð á námsstefnu í Álasundi, Noregi.

Bæjarráð vísar málinu til Kjartans Más Kjartanssonar bæjarstjórar til frekari skoðunar.

5. Útlendingur ehf. – beiðni um veðleyfi (2023030119)

Tekið fyrir erindi að veita tímabundið veðleyfi á 2. veðrétt.

Um er að ræða tímabundna beiðni um færslu veðréttar á fasteign Útlendinga ehf. að Víkingabraut 1. Eftir þinglýsingu á nýju tryggingarbréfi frá Landsbankanum og afléttingu tryggingarbréfs á fyrsta veðrétti verður veðstaða sveitarfélagsins á 2. veðrétti um 100 millj.kr. hagstæðari en fyrir breytingu.

Bæjarráð samþykk 4-0, Margrét A. Sanders situr hjá.

6. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Bragð Biti ehf. Hafnargata 18 (2022110070)

Málinu frestað, vísað til endurskoðunar byggingarfulltrúa.

7. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Langbest ehf. Aðalgata 60 (2023020610)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til að reka veitingastað í flokki A veitingahús. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagna.

8. Aðalfundur Bláa lónsins hf. 17. mars 2023 (2023030132)

Aðalfundarboð lagt fram.

9. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 22. febrúar 2023 (2023020242)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. febrúar 2023 (2023010560)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

11. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2023020682)

Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál

<https://www.althingi.is/altext/153/s/0144.html>

Umsagnarmál lagt fram.

12. Almennar reglur Reykjanesbæjar um rafræna vöktun (2021020091)

Lagðar fram uppfærðar reglur þar sem vísað er í nýja reglugerð frá Persónuvernd.

Bæjarráð samþykkir uppfærðar reglur.